

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

266. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Unnsteinn Ó. Andrésson, Árborg Ragnarsdóttir og Ragnar Smári Helgasson

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

- Mál nr. 1604029.** Breyting á aðalskipulagi reits milli Vatnsnesvegur og sláturhúss KVH Norðurbraut 24.
- Mál nr. 1210030.** Deiliskipulag fyrir klapparnámu í landi Bjarghúsa.
- Mál nr. 1604004.** Bjarghúsanáma umsókn um framkvæmdaleyfi.
- Mál nr. 1601049.** Reykjaskólavegur 6, byggðasafn, breytingar.

Tekið á dagskrá:

- Mál nr. 1604027.** Lagning hitaveitu í Víðidal og Miðfirði.

Afgreiðslur:

1. Mál nr. 1604029. Breyting á aðalskipulagi hluta reits milli Norðurbrautar og sláturhúss KVH Norðurbraut 24. Ína Björk Ársælsdóttir kynnir fyrirleggjandi tillögu Landmótunar að skipulagslýsingu.

Tillaga að skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi austan Norðurbrautar unnið af Landmótunar sf. dags. 7.4. 2016 tekið til umfjöllunar. Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta hluta af opnu svæði, reitur OP-2 samkvæmt gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 í verslunar- og þjónustusvæði vestan við lóð sláturhússins. Skipulagslýsing fyrir breytinguna verður auglýst til umsagnar skv. 1.mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 8. apríl 2016 til 27. apríl 2016.

2. Mál nr. 1210030. Deiliskipulag fyrir klapparnámu E-43 í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 í landi Bjarghúsa landnr. 144519 í Húnaþingi vestra. Fyrir fundinum lá tillaga að skipulagsuppdrætti og greinargerð deiliskipulags, fyrir klapparnámu í landi Bjarghúsa. Tillöguuppdráttur með greinargerð er nr. A01-01, dagsettur 30.01.2014, unninn af Þorleifi Eggertssyni hjá Hughrif ehf.

Þar sem meginforsendur um námuna/deiliskipulagstillöguna liggja fyrir í staðfestu Aðalskipulagi, þá er samþykkt að nýta heimild til að falla frá gerð skipulagslýsingar sbr. 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga 123/2010.

Þar sem meginforsendur um námuna/deiliskipulagstillöguna liggja fyrir í staðfestu Aðalskipulagi og Minjastofnun hefur veitt sína umsögn, þá er samþykkt að nýta heimild til að falla frá kynningu tillögunnar sbr. 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga 123/2010.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. Mál nr. 1604004. Vegagerð ríkisins sækir, með bréfi dagsettu 18.03.2016, um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr klapparnámu í landi Bjarghúsa skv. 13. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Um er að ræða allt að 10.000m³. Einnig óskar umsækjandi eftir úrskurði Húnaþings vestra innan þriggja vikna um hvort framkvæmdin sé matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og umhverfisráð telur að framkvæmdin sé ekki matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, þar sem efnismagn er vel innan marka og frágangur að loknum framkvæmdum er vel skilgreindur samkvæmt skipulagstillögu. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir einungis tímabundið framkvæmdaleyfi til eins árs, þar sem deiliskipulagstillaga fyrir námuna hefur ekki verið staðfest.

4. Mál nr. 1601049. Reykjaskólavegur 6, byggðasafn. Innkomnar breytingar á áður samþykktum teikningum eftir Bjarna Þór Einarsson.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir breytingarnar fyrir sitt leyti.

5. Mál nr. 1604027. Skúli Húnn Hilmarsson, kt. 190675-4679, sækir fyrir hönd Hitaveitu Húnaþings vestra, með umsókn móttækinni 7. apríl 2016, um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitu í Víðidal og Miðfirði. Meðfylgjandi eru yfirlitsmyndir S-01 og S-02 í mkv. 1:80000, S-03 og S-04 í mkv 25000 og afstöðumyndir S101 til S-137 í mkv. 1:5000.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framkvæmdaleyfi með fyrirvara um jákvæða umsögn minjastofnunar.

Fundargerð upplesin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 18.45**

Pétur Arnarsson

Ragnar Smári Helgason

Unnsteinn Ó. Andrésson

Árborg Ragnarsdóttir

Ólafur Jakobsson

Ína Björk Ársælsdóttir